

# Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 525/2013 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda.

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað orðsins "reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar" í 1. málsl. komi: gerðir Evrópusambandsins.

b. Við bætast tveir nýir töluliður, svohljóðandi:

vii. Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 frá 6. október 2015 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun 2003/87/EB sem vísað er til í tölulið 21ali, XX. viðauka eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2018 frá 6. júlí 2018. Ákvörðunin birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 49, frá 26. júlí 2018, 2030/EES/49/29, bls. 394-398.

viii. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1902 frá 18. október 2017 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 til að aðlaga uppboð á losunarheimildum að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 og til að skrá uppboðsvettvang sem Bretland tilnefnir, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 259/2018 frá 5. desember 2018 með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af reglugerð þessari, XX. viðauka samningsins, bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 85, frá 20. desember 2018, bls. 138-146.

## 2. gr.

Í stað orðanna "Ríkiskaup hafa verið tilnefnd" í 3. gr. reglugerðarinnar komi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur verið tilnefnt.

## 3. gr.

### *Innleiðing.*

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á gerðum Evrópusambandsins:

a. Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 frá 6. október 2015 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun 2003/87/EB sem vísað er til í tölulið 21ali, XX. viðauka eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2018 frá 6. júlí 2018.

b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1902 frá 18. október 2017 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 til að aðlaga uppboð á losunarheimildum að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 og til að skrá uppboðsvettvang sem Bretland tilnefnir, sem vísað er til í tölulið 21 ala, III. kafla XX. viðauka samningsins eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 259/2018, frá 5. desember 2018.

## 4. gr.

### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 28. gr. laga um loftslagsmál, nr. 70/2012, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 3. maí 2019.*

F. h. r.

**Sigurður H. Helgason.**

*Kjartan Dige Baldursson.*

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.